

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna staðfesturéttar og réttar sjálfstætt starfandi einstaklinga til starfsemi í ákveðnum greinum sem tengjast samgöngum og ferðaskrifstofum.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 38. tölulið VII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtalin tilskipun EBE öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Tilskipun ráðsins nr. 82/470/EBE frá 29. júní 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt hvað varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í ákveðnum greinum sem tengjast samgöngum og ferðaskrifstofum (ISIC flokkur 718) og geymslu og vöruskemmmum (ISIC flokkur 720).

Framangreind gerð er birt í sérriiti, samanber auglýsingu í C- deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út í sérriiti þær gerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið er lúta að ferðamálum.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um skipulag ferðamála nr. 79/1985 með síðari breytingum, sérstaklega 9. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 30. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 50. - 53. og 57. - 59. tölulið XIII. viðauka, skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldar EBE gerðir öðlast því gildi, sbr. 1. mgr.:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó. (Nr. 50 í XIII. viðauka)
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88 frá 16. desember 1988 um

tilkynningar, kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu á 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó. (Nr. 51 í XIII. viðauka)

3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 954/79 frá 15. maí 1979 um fullgildingu aðildarríkjanna á eða aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna um starfsreglur fyrir samsiglingakerfi. (Nr. 52 í XIII. viðauka)
4. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4055/86 frá 22. desember 1986 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins. (Nr. 53 í XIII. viðauka)

Ásamt breytingum:

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3573/90 frá 4. desember 1990 um breytingu, vegna sameiningar Þýskalands, á reglugerð (EBE) nr. 4055/86 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og landa utan bandalagsins.

5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4057/86 frá 22. desember 1986 um óréttmæta verðlagningu í flutningum á sjó. (Nr. 57 í XIII. viðauka)
6. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4058/86 frá 22. desember 1986 um samræmdar aðgerðir til að tryggja rétt til að keppa um farmflutninga í úthafssiglingum. (Nr. 58 í XIII. viðauka)
7. Ákvörðun ráðsins nr. 83/573/EBE frá 26. október 1983 um gagnaðgerðir á sviði alþjóðlegra kaupsiglinga. (Nr. 59 í XIII. viðauka)

Framangreindar gerðir eru birtar í sérriti, samanber auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993.

2. gr.

Samgönguráðuneytið mun gefa út gerðir XIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið í sérriti.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í siglingalögum nr. 34/1985 með síðari breytingum, sérstaklega 3. gr. laga nr. 62/1993, öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið öðlast gildi að því er Ísland varðar.

Samgönguráðuneytið, 31. desember 1993.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.